



## Almennar upplýsingar

Leikskóli sem óskað er eftir		Til vara	Vistunartími
Nafn barns		Kennitala	
Heimilisfang		Sími	Póstnúmer
Móðir barns		Kennitala	Netfang
Heimilisfang (ef annað en barns)		Sími	Póstnúmer
Faðir barns		Kennitala	Netfang
Heimilisfang (ef annað en barns)		Sími	Póstnúmer
Atvinna móður	Vinnutími	Atvinna föður	Vinnutími

## Fjölskylda

Nöfn systkina		Kennitala	Leik-/grunnskóli		
Hjúskaparstaða foreldra		Heimilislæknir/heilsugæslustöð			
Gift	Í sambúð	Ekki í sambúð			
Aður á leikskóla, hvar?		Hefur barnið gengist undir heilbrigðissskoðun			
		6 mán	10 mán	18 mán	3 1/2 árs
Nafn næsta aðstandenda ef ekki næst í forráðamann			Símanúmer		

## Upplýsingar um sérstakar aðstæður ef um forgang er að ræða

Sjúkdómar barns, aðrir en venjulegir barnasjúkdómar	Skýringar
Er barnið fatlað	Foreldrar í námi
Eru langvarandi veikindi á heimilinu	

**Staðfesting verður að fylgja umsókn ef um sérstakar aðstæður er að ræða**

Dagsetning

Undirritun

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## I. Umsóknarfrestur og innritunarreglur.

1. Heimilt er að sækja um leikskóladvöl fyrir barn eftir 6 mánaða aldur, enda eigi það lögheimili í Ísafjarðarbæ
  2. Umsókn skal vera bundin ósk um vistunartíma og leikskóla. Ef foreldri/forráðamaður barns sem er á biðlista þiggur ekki umbeðið pláss sem boðið er á leikskóla, þá fellur umsókn viðkomandi þegar úr gildi.
  3. Í forgangshópi um heilsdagspláss, geta verið börn sem búa við fötlun og/eða veikindi og börn sem búa við félags- eða fjárhagsörðugleika. Með umsókn þeirra skal skila vottorði um sambúðarslit foreldra, vistun í framhaldsskóla, læknisvottorði eða umsögn frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu og /eða svæðisskrifstofu fatlaðra, eftir því sem við á.
  4. Leikskólaplássur eru úthlutað eftir aldri barns, dagsetningu umsóknar, í hvaða aldursflokki er laust pláss og kynjahlutfalli á leikskólanum.
  5. Heimilt er að segja upp plássi barns, ef nýting fer niður fyrir 60%, tvo mánuði í röð, án þess að gildar ástæður séu fyrir því, s.s. veikindi eða tímabundin umsamin fjarvera.
  6. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leiksskólum Ísafjarðarbæjar er einn mánuður, talið frá næstu mánamótum eftir að uppsögn berst, nema samkomulag takist um annað.
  7. Til að umsókn sé gild verður umsóknareyðublaðið að vera eins vel útfyllt og hægt er, s.s. Dagsetning, nafn barns og foreldra, kennitölur, æskilegur dvalartími og staðfesting á lögheimili ef viðkomandi er nýfluttur til Ísafjarðarbæjar
  8. Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða annað sem krefst sérstakrar meðhöndlunar í leikskóla, skal skila læknisvottorði því til staðfestingar
  9. Ef neyðarástand skapast vegna ófærðar, veikinda eða annara óviðráðanlegra orsaka, þá er leikskóla- stjóra heimilt að loka leikskólanum og senda börnin heim.
10. **Með undirritun umsóknar undirgengst forráðamaður barns að hlíta þeim reglum sem skráðar eru á bakhlið umsóknareyðublaðsins.**

## II. Sérfræðiþjónusta leikskóla.

Við leikskóla Ísafjarðarbæjar er boðið upp á sérfræði- og ráðgjafarþjónustu Skóla- og fjölskylduskrifstofu bæjarins. Hlutverk sérfræðinga og ráðgjafa Skóla- og fjölskylduskrifstofu er að veita starfsfólki og foreldrum barna sem þarfnast þess faglega ráðgjöf og aðstoð.

Samkvæmt lögum er allt starfsfólk leikskólans bundið þagnarheiti og farið með vitneskju um hagi fólks sem trúnaðarmál.

## III. Leikskólar.

Markmið með starfi leikskólans er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim uppeldisskilyrði er efla persónulegan þroska þeirra. Leikskólar eiga að vera foreldrum/forráðamönnum til stuðnings og eru sjálfsgöð viðbót við uppeldi barnanna.

### Leikskólar sveitarfélagsins.

**Bakkaskjól**, v/ Bakkaveg í Hnífsdal.

1 - 6 ára börn, 4 - 8 tíma dvöl.

**Sólborg**, v/Torfnes, Ísafirði.

1 - 6 ára börn, 4 - 9 tíma dvöl.

**Eyrarskjól**, v/Eyrargötu, Ísafirði.

1 - 6 ára börn, 4 - 9 tíma dvöl.

**Tjarnarbær**, v/Túngötu, Suðureyri.

1 - 6 ára börn, 4 - 8 tíma dvöl.

**Grænigarður**, v/Grundarstíg, Flateyri.

1 - 6 ára börn, 4 - 8 tíma dvöl.

**Laufás**, v/Hlíðargötu, Þingeyri.

1 - 6 ára börn, 4 - 8 tíma dvöl.

Að lágmarki þarf 4 börn til að starfrækja deild eða halda opnunartíma.

## IV. Innheimtureglur leikskólanna.

1 Gjöld skal greiða fyrirfram. Gjald dags er fyrsta dag hvers mánaðar.

2 Eindagi er 5 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

3 Ef gjald hefur **ekki** verið greitt að mánuði liðnum fær viðkomandi forráðamaður senda tilkynningu um vanskil og skuldin fer í innheimtuferli hjá Intrum þar sem greint er frá heimild til að segja upp plássinu ef ekki er staðið í skilum.

4 Hafi skuldin ekki verið greidd, eða um hana samið eftir þrjú mánuði (90 daga) frá gjalddaga, er viðkomandi forráðamanni sent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn verður 10 daga frestur til að ganga frá skuldinni ella verður barnið að hætta í lok mánaðar.

5 Að þeim tíma liðnum er send loka aðvörðun og eftir uppsögn er lögfræðinnheimtu falið að innheimta skuldina.